

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

### *Stekkjarkot, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 8. nóvember 2018, tillögu að deiliskipulagi fyrir Stekkjarkot. Gert verði ráð fyrir afmörkun byggingarreita fyrir frístundahús og gestahús. Spildan er á skilgreindu frístundasvæði í aðalskipulagi.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

### *Veiðivötn, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 13. desember 2018, tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir Veiðivötn. Færa þarf byggingarreit vegna gistiskálans Dvergasteins þar sem núverandi staðsetning er orðin óviðunandi.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 17. desember 2018.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.